

### **Mannspekifélagið 3. Fundur** ( Afmælisfundur)

**Dags.** 1. September kl 15-18

**Staðsetn:** kaffi Flóra, Grasagarðurinn í Laugardal

**Fundinn sátu:** Guðrún, Ása Elísa, Sigrún og Kolbrún

#### **Fundarefni:**

**Skráning á nýrri stjórn:** Sigrún skráði nýja stjórn hjá skattinum fyrir 2000 kr.

**Opnir mannspekifundir í vetur:** Sigrún kom með tillögu að því að byrja á því að lesa Ævintýrið eftir Goethe og bjóða upp á listræna vinnu og spjall á eftir. Tillagan var samþykkt.

#### **Praktísk atriði fyrir opna fundi:**

- Byrja fundi með því að kveikja á kerti og blessa starfið.
- Lesa úr dagatali sálarinnar.
- Hafa dagatal sálarinnar til sölu
- Ekki gera kröfu um að allir lesi heldur aðeins þeir sem vilja lesa upphátt.
- Eurythmy

#### **Afmælishátíðin:**

Fréttabréf til að auglýsa hátíðina. Senda á félagsmenn

Minna á auðvelt aðgengi á heimasíðu til þess að skrá sig í félagið.

Afmælishátíðin verður haldinn á Kaffi Flóru sun 28. Sept kl 13-15

#### **Dagskrá og punktar fyrir afmælishátíð:**

- Tekið á móti gestum inn á kaffihúsi.
- Hornsteinninn lesinn. (Inni eða úti eftir veðri)
- Allir ganga saman í hljóði vöfundarhúsið.
- Eurythmy inn í hringnum ef færri en 20 annars myndaður hringur í Rósagarði við Eikartréð.
- Kaffi á kaffihúsi.
- Sigrún ætlar að hafa samband við Kela á kaffihúsinu um að kaupa veitingar af þeim.
- Allir fá bækling (Póstkort/bleðil) með upplýsingum um vetrarstarf, heimasíðu og vers. (100 Eintök)

#### **Dagatal Sálarinnar**

Ása ætlar að athuga með prentun á Dagatali sálarinnar í þýðingu Hildar hjá Prentmet.

Stjórnarmeðlimir gengu saman vöfundarhúsið og gerðum Eurythmy inn í hringnum.

Fundi slitið við Eikartré í sól og blíðu. Farið var með friðardansinn.

Stjórnarmeðlimir gengu saman vöfundarhúsið og gerðum Eurythmy inn í hringnum.

Fundi slitið við Eikartré í sól og blíðu. Farið var með friðardansinn.